



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

38. fundur

var haldinn í 29. kennslustofu 30. maí s.l.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson,
Ómar Bjarnþórsson, Jón Hólmgeirsson, Jón Böðvarsson
og Ingólfur Halldórsson.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari skýrði frá skólaslitum sem fram fóru
í Festi laugardaginn 26. maí s.l. að viðstöddu fjölmenni.
52 nemar brautskráðust, þ.e. 5 vélstjórar, 1. stigs,
3 viðskiptabrautarnemar eftir 4, anna nám, 26 iðnnemar og
18 stúdentar.

Þar töluðu Albert Karl Sanders af hálfu SSS, Margrét Sanders
af hálfu nýstúdenta, Magnús Marel Garðarsson af hálfu iðnnema,
Ægir Sigurðsson í nafni kennara, Guðlaugur Þorvaldsson
háskóla- og Jón Ólsen fyrir hönd Vélstjórafélags
Suðurnesja og færði hann skólanum 200 þúsund króna gjöf
frá félaginu.

Deildarstjórar afhentu verðlaun.

Skólameistari flutti yfirlit um starfið á vorönn 1979 og
sleit skólanum.

2. Rætt var um kennararáðningar.

Skólameistari lagði til að frestað yrði öllum ákvörðunum
um endurráðningu eldri kennara uns umsóknarfrestur er liðinn.
Var það einróma samþykkt.

3. Gunnar Sveinsson gerði grein fyrir samningsviðræðum
varðandi reikningsskil fyrir árin 1976-1978. Las hann
bréf sem á milli hafa farið varðandi það mál.
Gunnar lýsti nauðsyn þess að hraða uppgjöri við ríkissjóð
vegna þess að ógerlegt væri að gera endanlega upp við

sveitarfélögin fyrr en ljóst væri hvaða greiðslur fengjust úr ríkissjóði.

Nefndin taldi rétt að hann og skólameistari gengju frá uppgjöri fyrir skólans hönd.

4. Gunnar Sveinsson ræddi nauðsyn þess að ljúka innréttingu á kennarastofu og rakti hvað gera þyrfti - ef vel ætti að vera - fyrir næsta skólaár.

Upplýst var að ekki hafi fengist panell til þess að klæða með súðina á rishæð vegna farmannaverkfallsins.

Einnig var tilkynnt að Bergmann Þorleifsson væri fús til þess að standa að framkvæmd þegar unnt reynist.

Talsvert var rætt um nauðsynlegt viðhald á 1. hæð og málun hússins að utan - en engar ákvarðanir teknar vegna óvissu í fjármálum.

5. Skólameistari og formaður skólanefndar tóku til umræðu reglugerðarfrumvarp fyrir skólann sem talið hafði verið afgreitt - en við nánari athugun kom í ljós að betur þarf að ýmsum atriðum að hyggja áður en það verður lagt fyrir menntamálaráðuneytið.

Einkum var rætt um valdsvið skólanefndar.

Samþykkt að fela skólameistara og formanni skólanefndar að ganga frá álitum í samræmi við álit skólanefndarmanna.

6. Samþykkt var að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að komið verði á fót 2. stigs vélstjórnarnáms hér frá næsta hausti að telja - sömuleiðis 2. árs námi á verkbraut tréiðna.

Skólameistari tilkynnti að unnt væri að ráða Steinþór Einarsson kennara við Vélaskóla Íslands til kennslu hér.

Skólanefndin samþykkti einróma að mæla með ráðningu hans, - fáist umbeðin heimild.

7. Samþykkt var að kaupa nýjan ljósrita af Nashua-gerð.

blað III

8. Skólameistari skýrði frá breytingu á iðnfræðslureglugerð frá 11. maí s.l. þess efnis að gefa megí einkunnir fyrir iðnnám eftir einkunnakerfi Flensborgarskóla.
9. Skólameistari skýrði frá því að í Svíþjóð og Finnlandi sé sums staðar verið að kynna þá námsskipan sem lýst er í Námsvísi fjölbrautaskóla.
10. Skólameistari upplýsti að auglýsa ætti stöðu aðstoðar-skólameistara í sumar.

Fleira ekki gert.

Fundi sliðið.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hverfisgötu 6, Reykjavík
Sími: 25000 Símnafni: Iskult
Telex: 2111

(Óskast tilgreint í svarri)
Öb.: F-101

Byggingadeild

x Fjármála- og Áætlunadeild

Greiðslu- og bókhaldsdeild

Grunnskóladeild

Háskóla- og alþjóðadeild

Íþróttu- og æskulýðsmáladeild

Safna- og listadeild

Skólarannsóknadeild

Verk- og tæknimenntunardeild

Reykjavík, 2. júlí 1979

HA/aj

Ráðuneytið hefur reiknað út hlutdeild ríkissjóðs í rekstrar- og stofnkostnaði Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 1978. Einnig hafa verið teknir með kostnaðarþættir vegna ársins 1977 sem þá voru ekki endurgreiddir vegna ófullnægjandi gagna.

Hjálagt er sundurliðaður útreikningur á kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs ásamt greiðslustöðu ríkissjóðs pr. 31.12.1978 og frekari útskýringum.

Skuld ríkissjóðs pr. 31.12.1978 er kr. 14.550.763 og hafa þegar verið greiddar kr. 5.000.000 af þeirri upphæð. Eftirstöðvarnar munu verða greiddar innan tíðar.

Athugasemdir við útreikning ráðuneytisins, ef einhverjar eru, skulu berast hið fyrsta.

F. h. r.

e.u.

Ólafur Guðmundsson
Hauður Flóreson

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Jón Þóðvarsson, skólameistari

230 KEFLAVÍK

Fjölbrautaskóli

Suðurnesja

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði 1978

Heildargjöld

kr. 62.320.445

Breytingar til lækkunar:

1. Laun v/skólanefndar	kr.	456.669	
2. Laun v/hringjara	"	116.997	
3. Bifreiðastyrkur	"	1.060.120	
4. Vaxtagjöld	"	2.468.614	
5. Akstur kennara	"	764.390	
6. Húsaleiga v/Gagnfr.sk.	"	3.257.744	" 8.124.534
Rekstrargjöld bókfærð 1978 til skipta			kr. 54.195.911

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Greiðslustaða ríkissjóðs pr. 31.12.1978

Rekstur

Rekstrargjöld bókfærð til skipta	kr. 54.195.911
Akstur 1978, bókfærður 1977	" 3.402.297
Kostn. 1977, þá ekki endurgreiddur v/ófullnægjandi gagna	" 877.437
Samtals til skipta	kr. 58.475.645
Hluti ríkissjóðs	" 29.237.823
Inneign ríkissjóðs pr. 31.12.1977	" 4.584.586
Mismunur	kr. 24.653.237

Greitt úr ríkissjóði 1978

Greitt af launadeild, hluti sveitarfélags	kr. 3.001.997
greitt til skólans	" 17.355.000
Samtals	kr. 20.356.997
Mismunur = skuld ríkissjóðs	kr. 4.296.240

Stofnkostnaður annað en nýbyggingar:

St.kostn. pr. 31.12.78	kr. 40.521.620
Gj.fallið pr. 31.12.77	" 32.343.472
Mismunur	kr. 8.178.148
Hluti ríkissjóðs 60%	kr. 4.906.889
Skuld ríkissjóðs 31.12.77	" 9.732.804
Kostn. 1977, þá ekki endurgr. v/ófullnægjandi gagna	" 614.830
Samtals	kr. 15.254.523
Greitt úr ríkissjóði	" 5.000.000
Mismunur = skuld ríkissjóðs	kr. 10.254.523

1. Laun skólanefndar

Skólanefnd starfar á vegum sveitarfélaganna og kostnaður við hana ríkissjóði óviðkomandi.

2. Laun hringjara

Ekki hefur tíðkast að starf hringjara sé launað í hliðstæðum skólum.

3. Bifreiðastyrkur

Engir samningar eru í gildi við ríkissjóð um akstursgreiðslur til starfsmanna skólans. Óskað er eftir að slíkir samningar séu gerðir með vitund og samþykkt ráðuneytisins eigi ríkissjóður að taka þátt í þeim kostnaði. Eftirtaldir bifreiðastyrkir eru viðurkenndir:

Akstur skólameistara	
4 ferðir x 10 mán. x 100 km x 52 kr. -	kr. 208 þús.
Annar akstur	" 250 "
	kr. 458 þús.

4. Vaxtagjöld

Ríkissjóður tekur ekki þátt í vaxtagjöldum.

5. Akstur kennara

Samningar þeir við kennara sem liggja að baki þessari upphæð, voru gerðir án samþykkis ráðuneytisins.

6. Akstur skólanema

Samningar um greiðslur vegna nemenda á fluglíðabraut sem liggja að baki þessari greiðslu, voru gerðir án samþykkis ráðuneytis vegna ársins 1978.

7. Laun greidd af launadeild v/skirkstofustarfa o.fl. eru þessi:

Dagvinna	kr. 68.175
Yfirvinna - eftirvinna	" 4.577.499
Bókavörur	" 1.358.320
	kr. 6.003.994

8. Húsaleiga í G.K.

Eingöngu var krafinn og greiddur hluti Keflavíkurbæjar af leigunni.

9. Fallist er á að greiða kostnað v/1977, sem þá var ekki endurgreiddur v/ófullnægjandi gagna.

Er kostnaðurinn sem hér segir:

Vegna launagreiðslna	kr.	877.437
Vegna stofnkostnaðar	"	<u>614.830</u>
Samtals	kr.	1.492.267

10. Skuld ríkissjóðs 31.12.1978 er þessi:

Vegna rekstrar	kr.	4.296.240
Vegna stofnkostnaðar	"	<u>10.254.523</u>
Samtals	kr.	<u><u>14.550.763</u></u>



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

2.

Keflavík, 16. júlí 1979

Hr. deildarstjóri.

Skólanum hefur borist bréf frá yður, dagsett 2. júlí 1979, varðandi reikninga skólans fyrir árin 1976, 1977 og 1978 - aðra en þá er varða byggingarframkvæmdir.

Við föllumst á niðurstöðutölur ráðuneytisins varðandi árin 1976 og 1977 og teljum því uppgjöri lokið fyrir þau ár.

Niðurstöður ráðuneytisins varðandi umrædda reikninga fyrir árið 1978 samþykkjum við einnig með fyrirvara varðandi tvo liði:

1. Bifreiðastyrkir.

Fyrir liggur tillaga frá skólanefnd varðandi bifreiðastyrk til skólameistara. Við förum þess á leit að formlegur samningur verði gerður varðandi þessan kostnaðarlið - og leggjum til að ríkissjóður taki þátt í aksturskostnaði skólameistara á árinu 1978 sem hér segir: 8 ferðir · 10 mán. · 100 km · 52 kr. = 416 þúsund krónur.

2. Við óskum endurskoðunar á 7. lið í athugasemdum yðar sem ber yfirskriftina: Laun greidd af launadeild v/ skrifstofustarfa o.fl. Að okkar mati er umtalsverður hluti þess sem í bréfi yðar flokkast sem "Yfirvinna-eftirvinna" og er að upphæð kr. 4.577.499.00 launakostnaður sem skylt er að greiða samkvæmt kjarasamningum. Teljum við að ríkissjóði beri að greiða slík laun að fullu.

Við óskum eftir fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins til þess að ráða málum þessum tveim til lykta.

Virðingarfyllst

Gunnar Sveinsson
formaður skólanefndar

Jón Böðvarsson
skólameistari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

ÓGREIDDUR REKSTRARKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA 1978

Heildargjöld 1978 samkvæmt bókhaldi 62.320.445

Kostnaðarliðir sem ríkissjóður tekur ekki þátt í að greiða (sjá ATH.) - 8.124.534

54.195.911

Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs 27.097.955

Hlutur sveitarfélaga 27.097.955

+ 8.124.534

samtals

35.222.490

sem þannig skiptist:

Keflavík	51,745%	18.225.877	<u>Frá upphæðum</u>
Njarðvík	14,277%	5.028.715	<u>þessum dragast</u>
Grindavík	14,220%	5.008.638	<u>þegar greidd</u>
Miðneshreppur	9,052%	3.188.340	<u>framlög</u>
Gerðahreppur	6,040%	2.127.438	
Vatnsleysustr.	3,678%	1.295.483	
Hafnahreppur	0,988%	347.998	

ATH. Kostnaðarliðir sem ríkissjóður tekur ekki þátt í
að greiða eru:

Laun skólanefndar	456.669
Laun hringjara	116.997
Bifreiðastyrkur	1060.120
Vaxtagjöld	2468.614
Akstur kennara	764.390
Húsaleiga v/ GK	3257.744

samtals

8.124.534

Í uppgjöri Gunnars R Magnússonar var helmingur
þessarar upphæðar færður á ríkissjóð, en upphæðinni
verður að skipta á sveitarfélögin í réttum kostnaðar-



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

ENDURSKOÐUD REKSTRARÁÆTLUN FYRIR ÁRÍÐ 1979

Áætlun 86.821.000

Ríkið tekur ekki þátt í
eftirtöldum kostnaðarliðum:

1. Ferðakostnaði	1.000.000
2. Laun skólanefndar	721.000
3. Væxtir	<u>6.000.000</u>

samtals 7.721.000

79.100.000

Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs 39.550.000

Hlutur sveitarfélaga 39.550.000

+ 7.721.000

samtals 47.271.000

sem þannig skiptist:

Gerðahreppur	6.505%	3.075.000-
Grindavík	14.134%	6.681.000-
Hafnahreppur	1.054%	498.000-
Keflavík	51.351%	24.274.000-
Miðneshreppur	8.613%	4.072.000-
Njarðvík	14.610%	6.906.000-
Vatnsleysustr.hr.	3.733%	1.765.000-

Til frádráttar kemur áður greitt inn á
fyrri áætlun fyrir 1979.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

ÖNNUR REKSTRARGJÖLD - Eittaga skólanefndar F.S.

	kost 1978	áætl 1979	áætl 1980
1. Ritföng, bækur, pappír	2.945	6.417	8.700
2. Vinnul. skrifstofu	6.190	8.249	7.500
3. Skólabókasafn	0	1.400	3.000
4. Matvæli, vinnuf.ofl.	176	412	500
5. Ljós, hiti,	3.675	5.315	7.400
6. Skólaeign, skólaeitt	60	238	240
7. Ræsting í G.R.	3.727	4.800	4.000
8. Ræstingarefni	325	500	700
9. Húsvörður, ræsting-laun	7.700	12.000	18.444 4.800 13.444
10. Gluggapv. hreingerning	0	1.200	1.600
11. Póstur - sími	762	2.314	2.400
12. Auglýsingar	320	600	800
13. Ferðakost, bílastyrk	1.613	1.662	1.800
14. Skólaakstur	7.806	9.350	13.320
15. Heilsugæsla	165	442	500
16. Húsaleiga	4.170	8.049	12.000
17. Tekjaleiga	1.372		2.200
18. Tryggingar	122	702	1.100
19. Viðhald kennslutækja	888	1.500	2.400
20. Viðhald húsbúnaðar	0	300	2.600
21. Viðhald húsa og lóða	100	1.000	3.000
22. Sundkennsla	0	200	500
23. Húsal. leikfimi	0	2.500	6.000
24. Skólanefnd	450	721	1.100
25. Vaxtakostnaður	2.310	6.000	3.600
26. Ýmislegt	102	260	400
27. Efniskaup	2.163	3.220	4.100
28. Launatengd gjöld	1.757	2.700	3.600
29. Reiknisleg aðstoð	587	770	2.000
30. Önnur laun	3.424	4.000	4.000
31. Námskeið og fundir			1.600
32. Náttúrufræðaferðir			1.000
33. Prentun, fjölritun, lóklund			3.200
	<u>52.909</u>	<u>86.821</u>	<u>125.304</u>



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Köflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

Njarðvík, 23. júlí 1979

Hr. ráðuneytisstjóri.

Í júlíbyrjun staðfestu menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti ráðningu þórunnar Magnúsdóttur í hálfvort bókavardarstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá 1. júní 1979 að telja. Við þökkum þá ákvörðun, en vekjum athygli yðar á að ekki eru þar með leyst öll vandkvæði varðandi bókavörslu í skólanum. Tvö atriði þar að lútandi þarf að leysa áður en skólahald hefst að nýju 1. september næstkomandi:

1. Launamál þórunnar vegna starfa á vorönn 1979.

Á fundi 11. júlí s.l. var til umræðu meðfylgjandi bréf frá þórunni. Taldi skólanefndin launakröfu hennar réttmæta með þeim fyrirvara að janúargreiðslu megi miða við upphaf vorannar, þ.e. 11. janúar 1979. Samþykkti nefndin að fara þess á leit að ríkissjóður greiði þórunni þau laun sem hún á inni, en lokauppgjör vegna vinnu hennar fari fram við reikningsskil milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna fyrir árið 1979.

2. Greiðslutilhögun vegna gæslustarfa á lesstofu.

Ljóst er að á haustönn 1979 og á vorönn 1980 þarf lesstofa skólans að vera opin frá 8¹⁵-16⁰⁰ hvern virkan dag, og þarf gæslumaður jafnan að vera viðstaddur. Talsvert skortir á að þórunn anni því. Starfsskylda hennar nemur 20 vinnustundum á viku, og starf hennar verður að hluta í öðru fólgið en eftirlitsstörfum.

Við förum því fram á heimild ráðuneytisins til þess að ráða nemendur til eftirlitsstarfa svo sem þarf til þess að eftirl verði kl. 8¹⁵-16⁰⁰ alla virka daga. Gríðskan miðist við dagvinnukaup í launaflokki BHM 103, 4. þrep. (sbr. bréf ráðuneytisins til skólans, dagsett 6. mars 1979.).

Virðingarfyllst

Jón Þórðarson



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Keflavík, 12. júlí 1979

Hr. menntamálaráðherra.

Sumarið 1978 var að mestu fullgerður 2. áfangi skólahúss Fjölbrautaskóla Suðurnesja samkvæmt byggingarsamningi þar að lútandi sem undirritaður var í júnímánuði 1978. - 10 kennslustofur í hinu nýja húsnæði voru teknar í notkun í septembermánuði sama ár. Síðan hefur fátí verið framkvæmt vegna fjárskorts þótt brýn þörf sé á að ljúka eftirtöldum verkum fyrir næsta haust:

1. Innréttingu á kennarastofu á rishæð
2. Innréttingu á nemendaaðstöðu á 2. hæð
3. Utanhússmálun

Innrétting á nemendaaðstöðu og málun hússins að utan eru framkvæmdir innan ramma byggingarsamnings, en innrétting á kennarastofu utan hans.

Sökum þess að kostnaður reyndist minni en ráð var fyrir gert virðist unnt að ljúka þessum framkvæmdum ef ríkissjóður greiðir samningsbundnar verðbætur samkvæmt áðurnefndum byggingarsamningi.

Sá hængur er á að í fjárlögum fyrir árið 1979 er ekki greiðsluheimild fyrir þeim verðbótum, en ljóst sýnist hins vegar að launakostnaðarliður stofnunarinnar er hærri en raunkostnaður verður þar. Því förum við þess á leit að ríkissjóður greiði skólanum umræddar verðbætur nú þegar vegna þess að slíkt má gera án þess að heildargreiðsla til skólans fari framúr greiðsluheimild í fjárlögum fyrir árið 1979.

Virðingarfyllst

Gunnar Sveinsson
formaður skólanefndar

Jón Böðvarsson
skólameistari

Til

Ragnars Arnalds, menntamálaráðherra

Samrit sent fjármálaráðherra.